



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/94
komudagur 30.10.2013

Reykjavík, 30. október 2013

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í gjaldmiðilsmálum, 7. mál.

Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemd við tillöguna og telja mikilvægt að stjórnvöld og Alþingi vinni áfram á grundvelli skýrslu Seðlabanka Íslands *Valkostir Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum*, sem kom út í september 2012 og fjallar um helstu kosti og galla mismunandi fyrirkomulags í gjaldmiðilsmálum og hvernig laga þarf hagstjórnina svo hún styðji sem best við þá stefnu sem verður fyrir valinu.

Samtökin taka undir það sem kemur fram í greinargerð með tillögunni: „*Efnahagslegur óstöðugleiki, óhóflegar verðlagshækkanir og hátt vaxtastig hafa um langa hrið einkennt íslenskt efnahagslíf með tilheyrandi áhrifum á lífskjör almennings og umgjörð atvinnulífsins. Leiða má að því rök að eitthvert mest aðkallandi verkefnið á sviði efnahagsmála sé að ná viðvarandi stöðugleika.*“ Óstöðugt gengi hefur verið veigamikill orsakavaldur verðbólgu og hárra vaxta hér á landi. Vel rökstudd og trúverðug peningamálastefna til langs tíma sem tekur mið af hagsmunum atvinnulífsins og vinnumarkaðarins er mikilvæg forsenda efnahagslegs stöðugleika. Leiðin til að koma á og viðhalda efnahagslegum stöðugleika hér á landi er að peningamálastefnan, stefnan í opinberum fjármálum og launastefnan á vinnumarkaði, vinni saman að sameiginlegu markmiði. Ef peningamálastefnan megnar ekki að stuðla að stöðugu verðlagi þá dugar ábyrg stefna í opinberum fjármálum og á vinnumarkaði ekki til þess að ná settum markmiðum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins